

SAMNINGUR

Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Noregs er varðar afmörkun landgrunnsins handan 200 sjómílna á svæðinu milli Færeyja, Íslands, meginlands Noregs og Jan Mayen.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Noregs,
sem vilja viðhalda hinum góðu tengslum Íslendinga og Norðmanna og styrkja þau,
sem vísa til samþykkrar bókunar frá 20. september 2006 milli Danmerkur/Færeyja, Íslands og Noregs,

sem vísa einnig til samnings milli Íslands og Noregs frá 3. nóvember 2008 er varðar vetniskolefnislög sem liggja yfir markalínur,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Handan 200 sjómílna frá grunnlínunum, sem notaðar eru til að mæla breidd landhelginnar hjá hvorum aðila fyrir sig, hefur markalína, sem afmarkar landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Noregs, verið ákvörðuð sem landmælingarlína sem tengir saman eftirtalda punkta í þeirri röð sem er tilgreind hér á eftir:

Punktur 1:	67°36' 40,54" N	6°38' 18,95" W
Punktur 2:	67°43' 06,51" N	2°30' 45,12" W
Punktur 3:	66°49' 15,75" N	1°41' 43,56" W

Punktarnir sem tilgreindir eru hér að framan eru ákvarðaðir með landfræðilegri breiddar- og lengdargráðu í samræmi við World Geodetic System (WGS84(G1150, epoch 2001.0)).

Til að skýra þetta nánar hafa markalínan og punktarnir, sem eru tilgreindir hér að framan, verið dregnir á kortið sem fylgir með þessum samningi.

2. gr.

Ákvæði 1.–7. gr. samningsins milli Íslands og Noregs um vetniskolefnislög sem liggja yfir markalínur frá 3. nóvember 2008 skal gilda á sama hátt um slík lög sem eru staðsett á svæðinu sem er afmarkað með línunum sem dregnar eru í samræmi við 1. gr. þessa samnings.

3. gr.

Þessi samningur er með fyrirvara um afstöðu viðkomandi aðila til álitamála sem samningur þessi fjallar ekki um, þ.m.t. álitamál er varða beitingu þeirra á fullveldisréttindum eða lögsögu yfir hafsbotni og botnlögum hans.

4. gr.

Samningur þessi öðlast gildi þegar aðilarnir hafa tilkynnt hvor öðrum skriflega að nauðsynlegri innlendri málsmeðferð sé lokið.

Gjört í Stokkhólmi hinn 30. október 2019 í tvíriti á íslensku, norsku og ensku og eru allir textar jafngildir. Ef ágreiningur rís um túlkun skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands

Fyrir hönd ríkisstjórnar Noregs

AGREEMENT

Agreement between the Government of Iceland and the Government of Norway, concerning the delimitation of the continental shelf beyond 200 nautical miles in the area between the Faroe Islands, Iceland, Mainland Norway and Jan Mayen

The Government of Iceland and the Government of Norway,

Desiring to maintain and strengthen the good neighbourly relations between Iceland and Norway,

Referring to the *Agreed Minutes* of 20 September 2006 between Denmark/the Faroe Islands, Iceland and Norway,

Referring also to the Agreement of 3 November 2008 between Iceland and Norway concerning transboundary hydrocarbon deposits,

Have agreed as follows:

Article 1

Beyond 200 nautical miles from the baselines from which the breadth of the territorial sea of each Party is measured, the boundary line delimiting the continental shelf in the area between Iceland and Norway has been determined as a geodetic line connecting the following points in the order specified below:

Point 1:	67°36' 40.54" N	6°38' 18.95" W
Point 2:	67°43' 06.51" N	2°30' 45.12" W
Point 3:	66°49' 15.75" N	1°41' 43.56" W

The points listed above are defined by geographical latitude and longitude in accordance with the World Geodetic System (WGS84(G1150, epoch 2001.0)).

By way of illustration, the boundary line and the points listed above have been drawn on the chart annexed to this Agreement.

Article 2

Article 1-7 of the Agreement between Iceland and Norway concerning transboundary hydrocarbon deposits of 3 November 2008 shall likewise apply for such deposits located in the area delimited by the lines drawn up in accordance with article 1 of this agreement.

Article 3

This Agreement is without prejudice to the respective Parties' views on questions that are not governed by this Agreement, including questions relating to their exercise of sovereign rights or jurisdiction over the seabed and its subsoil.

Article 4

This Agreement enters into force when the Parties have notified each other in writing that the necessary internal procedures have been completed.

Done at Stockholm on the 30 day of October 2019 in duplicate in the Icelandic, Norwegian and English languages, all texts being equally authentic. In case of any divergence of interpretation, the English text shall prevail.

For the Government of Iceland

For the Government of Norway